



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS
(The Icelandic Midwives' Association)
Stofnað árið 1919

Reykjavík 16. maí 2023

Þingskjal 1491 – 955. mál.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 144/2020, um fæðingar- og foreldraorlof (afkumuöryggi, meðgönguorlof, vinnutímastytting foreldris).

Ljósmeðrafélag Íslands fagnar framkomnu frumvarpi um breytingar á lögum nr. 144/2020 um fæðingar- og foreldraorlof.

Við teljum mjög mikilvægt að hlúð sé að fjölskyldum með ung börn og að þeim verði skapað betra og fjölskylduvænna umhverfi. Nái frumvarpið fram að ganga teljum við mikilvægt skref tekið í þá átt.

Ljósmeðrafélag Íslands vill þó koma með ábendingu varðandi lögfestingu á meðgönguorlofi allt að fjórum vikum fyrir áætlaðan fæðingardag. Það er mjög til bóta að þessi heimild verði lögfest og að hún komi ekki til skerðingu á réttindum eftir fæðingu barna. Við styðjum þá breytingu heils hugar.

Við viljum þó benda á að í dag hafa barnshafandi foreldrar haft það úrræði að taka út veikindarétt fyrir fæðingu. Í veikindarétti heldur foreldri fullum launum sínum, þar sem sá réttur er til staðar. Höfum við áhyggjur af því að þessi breyting gæti komið niður á þeim sem síst skyldi, þ.e. tekjulægri foreldrum.

Unnur Berglind Friðriksdóttir, formaður Ljósmeðrafélags Íslands